

Hverfisráð Hríseyjar

45. fundur

Föstudaginn 26.febrúar 2010 kl.12:00 var 45. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Guðrún Þorbjarnardóttir og Aðalsteinn Bergdal,

Dagskrá:

1. **Bréf frá Vegagerðinn v/ferjuferða**
Lagt fram til kynningar

2. **Hunda- og kattarhald í Hrísey**

bókun framkvæmdaráðs á fundi 19.febrúar er eftirfarandi:

1. **Katta- og hundahald á Akureyri**

2010020078

Bæjarlögmaður, Inga Þöll Þórgnýsdóttir, gerði grein fyrir samþykktum um katta- og hundahald í sveitarfélaginu og þá sérstaklega í Grímsey og Hrísey.

Lögð fram fundargerð samráðsnefndar í Grímsey dags. 26. janúar 2010.

Fjallað um ábendingar sem borist hafa um ágang katta á Akureyri og lausagöngu hunda og óþrifnað af þeim á opnum svæðum og möguleg viðbrögð.

Framkvæmdaráð telur rétt að samfara sveitarstjórnarkosningum nú í vor verði kosið um bann við katta- og hundahaldi í Grímsey og Hrísey. Ennfremur felur framkvæmdaráð deildarstjóra framkvæmdadeildar, Helga Má Pálssyni, að koma með tillögur að lausnum vegna þessa vanda sem skapast hefur af ágangi katta og lausagöngu hunda og óþrifnaði af þeim á opnum svæðum og leggja fyrir ráðið.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun til bæjarstjórnar:

“Vegna bókunar Framkvæmdaráðs 19. febrúar sl. um kosningu vegna gæludýrahalds í Hrísey og Grímsey viljum við benda á að frá sameiningu Hríseyjar og Akureyrar 2004 hafa gilt hér sömu lög og í öðrum hverfum bæjarins.

Hér ríkir fullkomin sátt um gæludýrahald og sjáum við ekki ástæðu til að kjósa um þetta. Öðru máli gegnir um Grímsey þar sem þetta er þeim mikið hitamál.

Meðfylgjandi eru samþykktir frá árinu 1996 fyrir Hríseyjarhrepp um gæludýrahald og teljum við þær falla alveg að reglur Akureyrarkaupstaðar og óskum eftir því að sitja við sama borð og önnur hverfi bæjarins.”

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Aðalsteinn Bergdal
Guðrún Þorbjarnardóttir

Fundargerð rituð af Guðrínu Kristjánsdóttir

